

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1987–2007.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Stokkseyrar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 10. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar frá 23. apríl 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun sunnanvert við Ásgautsstaðavatn breytist úr landbúnaðarsvæði í sumarbústaðasvæði.

Hreppsnefnd Stokkseyrar tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfisráðuneytið, 18. júní 1992.*

F. h. r.  
**Páll Líndal.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

11. júní 1992

Nr. 242

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1987–2007.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Selfoss hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 1. apríl 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1987–2007 frá 29. ágúst 1988, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Landnotkun á vesturbakka Ölfusár breytist á þann veg að óbyggð svæði austan Hrefnutanga í landi Hellis verða sumarbústaðalóðir.

Bæjarstjórn Selfoss tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfisráðuneytið, 11. júní 1992.*

F. h. r.  
**Þórður H. Ólafsson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

11. júní 1992

Nr. 243

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Kópavogs hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 13. maí 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008 frá 23. apríl 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að svæði austan Kópavogsvallar í Kópavogsdal verður opið svæði til sérstakra nota (tennishús og tennisvellir), í stað opins svæðis. Jafnframt breytast göngutengsl lítilla.